


Ágúst með nokkrar mannamyndir sínar. Ljósm. Mbl.: RAX.

Ágúst F. Pedersen sýnir á Kjarvalsstöðum

ÁGÚST F. Pedersen opnar í dag málverkasýningu á Kjarvalsstöðum, en þar sýnir Ágúst 118 myndir, sem hann hefur unnið að mestu á s.l. þremur árum, eða frá því að hann hélt síðustu einkasýningu sína 1975 í Norræna húsinu.

Ágúst sagði í samtali við Mbl. í gær, að myndirnar væru allar olíumálverk. „Myndefnið hef ég mikið sótt í fjöruna, einnig landslag upp til heiða og þá sýni ég fjöldann allan af mannamyndum eða portrettum."

Sýning Ágústs verður opin til 15. október. Er sýningin opin virka daga frá kl. 16—22, um helgar frá kl. 14 til 22. Sýningarsalurinn verður lokaður á mánudögum.

Alþjóðabankinn veitti 8.500 millj. dollara í lán á sl. ári

ALÞJÓÐABANKINN og systurstofnun hans Alþjóða framfarastofnunin, veittu samtals 8.500 milljónir dollara í lán á síðasta fjárhagsári, en lán bankans eru til 17—20 ára með 7—8% vöxtum og greiðslulaus fyrstu 5 árin. Kom þetta fram á ársundi bankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í Washington dagana 24.—29. sept. Fulltrúar Íslands á fundi bankans voru Tómas Árnason fjármálaráðherra og Sigurgeir Jónsson aðstoðarseðlabankastjóri, en fund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sátu þeir Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og Gísli Blöndal hagsýslustjóri.

Í fréttatilkynningu, sem Morgunblaðinu barst í gær frá fjármálaráðuneytinu, segir, að 132 þjóðir eigi nú aðild að Alþjóðabankanum, en hann var stofnaður árið 1945 og er hlutafé bankans um 20 milljarðar dollara.

Þýðingarmestu mál aðalfundar bankans nú fjölluðu um ástand og horfur í efnahagsmálum þróunarríkjanna, svo og að ræða almenna hlutafjáraukningu bankans og næsta framlag til Alþjóða framfarastofnunarinnar (IDA).

Í fréttatilkynningunni segir að aðalframkvæmdastjóri bankans, Robert McNamara, hafi lagt á það ríka áherzlu í ræðu sinni, að nauðsynlegt væri að berjast gegn auknum verndarráðstöfunum í viðskiptum þjóða í milli, því að aukin viðskipti væru hyrningarsteinn þess að auka mætti velmegun í þróunarlöndunum.

Ingvar keppir í stað Inga R.

INGI R. Jóhannsson, alþjóðl. skákmeistari, hefur tilkynnt stjórn Skáksambands Íslands, að hann sjái sér ekki fært að taka sæti í Ólympíuskáksveitinni, sem eftir tæpan mánuð heldur til Argentínu til að tefla á 23. Ólympíuskákmótinu. Í stað Inga R. hefur Ingvar Ásmundsson, skákmeistari, verið valinn til þátttöku.

Ólympíulið Íslands í kaflaflokki verður því þannig skipað: Friðrik, Guðmundur, Helgi, Margeir, Jón L., Ingvar.

Þær, sem skipa fyrstu ólympíuskáksveit kvenna, eru eins og áður, þær: Guðlaug, Ólöf, Birna og Svana.

Fararstjóri verður Einar S. Einarsson, forseti SÍ, sem jafnframt mun sitja þing Alþjóðaskáksambandsins, bæði fyrir hönd íslenzka og danska skáksambandsins.

Áhugamenn um kvikmyndagerð stofna samtök

SAMTÖK áhugamanna um kvikmyndagerð verða stofnuð í Tjarnarbæ í dag kl. 14. Fyrir *stofnundinum munu liggja drög* að lögum fyrir félagið, sem unnið hefur verið að því að semja undanfarið af sérstakri undirbúningsnefnd.

Í þessum lagadrögum segir m.a. um markmið félagsins, að það sé að efla kvikmyndagerð áhugamanna á Íslandi með því t.d. að halda uppi almennri fræðslustarfsemi, námskeiðahaldi og útgáfustarfsemi, ráðstefnuhaldi og með samvinnu við hliðstæð erlend samtök, svo sem UNICA og Nordisk smalfilm og með þátttöku í samkeppni, þegar slík tækifæri gefast.

Allir geta orðið félagar í samtökunum sem hafa áhuga á kvikmyndagerð og er ætlunin að byggja samtökin upp með starfsemi klúbba. Rætt er um í drögum þessum að efna skuli til kvikmyndahátíðar þar sem sýndar verði beztu myndir félaga, svo og hliðstæðar myndir erlendis frá.

Í undirbúningsnefndinni eiga sæti Karl Jeppesen kennari og menntaskólanemarnir Kristberg Óskarsson og Valgerður Guðjónsson sem báðir eru meðal frammámanna kvikmyndaklúbbsins Fjalakattarins og munu samtökin njóta velvildar kvikmyndaklúbbsins, þótt þau séu algjörlega sjálfstæð.

Vegamálið:


Hafnfirðingar bíða - og hlusta

„VIÐ munum fyrst og fremst hlusta á það sem Garðbæingar hafa fram að færa," sagði Árni Grétar Finnsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, þegar Mbl. leitaði eftir sjónarmiði Hafnfirðinganna í vegamálinu, en sameiginlegur fundur bæjarfulltrúa þessara tveggja bæjarfélaga var haldinn í gær.

Árni Grétar kvað stefnu Hafnarfjarðarbæjar í vegamálinu hina sömu o% syrr, — Hafnfirðingar vildu fá Hafnarfjarðarveginn og einnig Reykjanesbrautina. Hann kvað umferðarvanda þeirra Hafnfirðinga vera gífurlegan, eins og ástandið væri nú, en sagði jafnframt, að bæjarfulltrúum Hafnarfjarðar væri fyllilega ljóst að hér væri erfitt úrlausnarmál á ferðinni, sem ekki væri gott að segja að svo stöddu hvernig færi.

GRÆNA TORGIÐ

Haustlaukakynning
Sýnikennsla




Linda, Bjarni og Sævar kynna um helgina.
Hvernig á að meðhöndla haustlauka?
Hvernig á að fá lauka til að blómstra inni?
Hvað á að planta laukum djúpt?
Svörin fást á haustlaukakynningunni.
Heimsækið Græna-Torgið um helgina.

Í dag og sunnudag kl. 2—7.



blómaval
Gróðurhúsið v/Sigtún sími 36770

Ökumenn, eflum sameiginlega öryggi æskunnar



'A EFTIR BOLTA KEMUR BARN...



JUNIOR CHAMBER „EFLUM ÖRYGGI ÆSKUNNAR"